

Alþingi
Erindi nr. P 132/675
komudagur 17.1.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2006.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Lagt fyrir 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 360 – 328. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té svofellða umsögn.

Frumvarpið er afrakstur af starfi nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði fyrri hluta árs 2005. Var nefndinni ætlað að kanna hvort ástæða væri til að breyta lögum þannig að fyrir hendi væru einkaréttarleg úrræði fyrir rétthafa til að leggja hald á og varðveita sönnunargögn vegna ætlaðra brota á hugverkarétti. Jafnframt var nefndinni ætlað að athuga hvernig staðið yrði að innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins 2004/48/EB um fullnustu hugverkaréttinda, auk þess sem lagt var fyrir nefndina að taka mið af ákvæðum svonefnds TRIPS-samnings, sem er viðauki við samning um Alþjóðaviðskiptastofnunina og lýtur að vernd hugverkaréttinda í viðskiptum.

Efni frumvarpsins tekur mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir til að tryggja vernd hugverkaréttinda og er frumvarpinu ætlað að tryggja að vafi leiki ekki á hvort þeim skuldbindingum sé fullnægt samkvæmt íslenskum lögum. Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til áður nefndrar tilskipunar Evrópusambandsins, en ákvæði frumvarpsins ganga þó að sumu leyti skemur en ákvæði tilskipunarinnar. Hefur þá verið tekið mið af ákvæðum TRIPS-samningsins.

Það er niðurstaða frumvarpshöfunda að nokkuð skorti á að fyrir hendi séu nægjanlega trygg og skilvirk úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að verja hagsmuni sína og afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn slíkum rétti. Er það og mat þeirra að í öllu falli leiki vafi á því hvort Ísland fullnægi þeirri þjóðréttarlegu skuldbindingu sem leiðir á ákvæðum TRIPS-samningsins um að fyrir hendi séu tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að varðveita sönnunargögn er tengjast meintu broti gegn hugverkaréttindum. Benda frumvarpshöfundar á, í þessu samhengi, að lögbanni samkvæmt lögum nr. 31/1990, sé ætlað að stöðva byrjaðar eða yfirvofandi athafnir, sem brjóta gegn hugverkarétti annarra, en ekki að afla sönnunargagna um þau brot sem þegar kunna að hafa verið framin og um umfang þeirra.

Frumvarpshöfundar eru enn fremur þeirrar skoðunar að ákvæði laga nr. 19/1991 veiti rétt höfum ekki nægjanlegar heimildir að þessu leyti, þar sem markmið aðgerða á grundvelli þeirra laga sé að afla gagna sem ætla má að hafi sönnunargildi í opinberu máli, en ekki gagna fyrir rétthafa til að hafa uppi kröfu á einkaréttarlegum grundvelli um skaðabætur. Þá benda frumvarpshöfundar á að ekki verði hjá því litið að rannsókn á öðrum og flóknari brotum kunní að hafa forgang hjá lögreglu og því hætt við að kærur vegna brota gegn hugverkaréttindum sitji á hakanum.

Laganefnd LMFÍ getur í sjálfu sér verið sammála því að þörf kunní að vera á því að styrkja stöðu rétthafa hugverkaréttinda, ekki hvað síst vegna tækniþróunar og nýjunga á því sviði, en einnig vegna þess að viðhorf fólks til brota af þessu tagi er í sumum tilvikum annað

en til brota almennt. Laganefndin leggur þó áherslu á að þótt þörfin kunni að vera nokkur og jafnvel brýn, þá megi ekki horfa framhjá þeirri staðreynd að þau úrræði, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, fela í sér valdboðin inngrip í mikilsverð réttinda einstaklinga, sem teljast grundvallarréttindi í réttarríki, svo sem réttinn til að njóta friðhelgis einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Sá réttur er meðal annars varinn af ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Laganefndin telur, að ljósi þess að frumvarpið felur í sér heimildir til frávika frá meginreglum, þá sé afar mikilvægt að ítrustu varkárni sé gætt við lagasmíðina og að valdar séu þær leiðir sem leiða af sér sem minnsta röskun fyrir þá einstaklinga og aðila sem í hlut geta átt.

Laganefndin telur einnig, með vísan til framanritaðs, að tryggja verði skilyrðislaust að meðferð þeirra gagna og upplýsinga, sem aflað kann að verða á grundvelli ákvæða frumvarpsins, verði það að lögum, verði með þeim hætti að réttaröryggis og hagsmuna þeirra, sem aðgerð beinist að, sé í öllum tilvikum gætt og að ekki sé gengið nærri þeim sem í hlut á hverju sinni heldur en nauðsyn krefur. Telur nefndin í því sambandi varhugavert, að ráð virðist fyrir því gert, sbr. t.a.m. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins, að sönnunargögn kunni að verða afhent gerðarbeiðanda, án þess að skýrar reglur séu settar um meðferð hans og vörslu á þeim sönnunargögnum sem aflað hefur verið.

Gerðarbeiðandi getur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verið einkaaðili, einstaklingur eða lögaðili. Laganefndin bendir á að slíkir aðilar njóta almennt séð annarrar réttarstöðu en opinberir aðilar, t.d. lögregla eða sýslumenn, eða starfsmenn þeirra, sem bera stöðu sinnar vegna tiltekna skyldur, svo sem þagnarskyldu. Ákveðnar reglur, lögbundnar og ólögbundnar, gilda auk þess um meðferð mála og notkun og varðveislu skjala, sem lögregla eða sýslumenn hafa til athugunar. Er þeim ætlað að tryggja hagsmuni þeirra sem í hlut eiga hverju sinni. Einkaaðilar eru ekki bundnir af reglum hins opinbera að þessu leyti og það er því ekki sjálfgefið að sönnunargögnum, sem aflað hefur verið á grundvelli ákvæða laganna, verði frumvarpið að lögum, verði jafn vel borgið í höndum gerðarbeiðanda og t.a.m. lögreglu eða sýslumanns, eða að hagsmuna gerðarþola sé nægilega vel gætt.

Laganefnd LMFÍ telur samkvæmt framansögðu, að ekki sé nægilegt að mæla fyrir um það lögum að dómsúrskurðar skuli aflað til leitar að sönnunargögnum vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum, að sýslumönnum skuli falin framkvæmd slíkrar leitar, að gerðarbeiðanda sé gert að setja tryggingu vegna mögulegs tjóns gerðarþola og að mælt sé fyrir um skaðabóta-, kær- og endurupptökurétt gerðarþola, heldur sé einnig þýðingarmikið að settar verði skýrar reglur um meðhöndlun sönnunargagna, sem aflað kann að verða með þessum hætti, skráningu þeirra, afritun, mögulega breytingu, skil slíkra gagna og eftir atvikum förgun.

Að öðru leyti gerir laganefnd LMFÍ ekki athugasemdir við efni ofan greinds frumvarps.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.
formaður